


SÆRAF EHF



Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindabjónusta
Siglingatækjapjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 861 7360 - 891 8260 - sraf.is



Með flutninga í genunum

Einar Pétursson stöðvarstjóri
Samskipa á Ísafirði

„Ég man ennþá hvar ég var þegar ég fékk símtalið frá Sturlu Böðvarssyni, þáverandi samgönguráðherra, þar sem hann tilkynnti mér að ákvörðunin hefði verið tekin. Þá var ég á hafnarsambandsráðstefnu í Hafnarfirði.

— sjá bls. 6 — 7



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Föstudagur 22. apríl 2016 · 15. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Dyttað að moksturstækjum fyrir Dynjandisheiði.



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með kjúklingsalati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*Alltaf
nýsmurt*

Færðu Sólstöfum fartölvu



Ester Ósk Arnórsdóttir og Sigprúður Gunnsteinsdóttir Hvatarkonur ásamt Björgu Sveinbjörnsdóttir, starfskonu Sólstafa



Fasteignir óskast á söluskrá

Vegna mikillar sölu hjá okkur upp á síðkastið vantar fasteignir á Ísafirði og nágrenni á söluskrá.

Sanngjörn sölubóknun og þjónusta á staðnum.

Hafið samband í síma 4563244 eða á netfangið eignir@fsv.is

Kvenfélagið Hvöt í Hnífsdal hefur ekki látið sitt eftir liggja í góðgerðarmálum í Ísafjarðarbæ. Á dögunum færðu þær Sigprúður Gunnsteinsdóttir og Ester Ósk Arnórsdóttir Hvatarkonur, Sólstöfum á Vestfjörðum forlata ferðatölvu af Asus gerð. Björg Sveinbjörnsdóttir, starfskona Sólstafa, þakkar þessa höfðinglegu gjöf og segir hún tölvuna koma að afar góðum notum og bæta starfsaðstöðu Sólstafa til muna. Sólstafir sinna þjónustu við þolendur kynferðisofbeldis og eru til húsa að Aðalstræti 24 á Ísafirði. Ópið hús er á mánudögum milli 16 og 18 og alltaf er hægt að hringja í þjónustusíma samtakanna 892 4743.

annska@bb.is

**Auglýsingasími
bb.is er 456 4560**



ÍSAFJARÐARBÆR

AUGLÝSING UM TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM Á AÐALSKIPULAGI ÍSAFJARÐARBÆJAR 2008-2020, KALDÁRVIRKJUN OG ÞVERÁRVIRKJUN Í ÖNUNDAFIRÐI

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar auglýsir hér með breytingar á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða tvær tillögur:

Kaldárvirkjun og Þverárvirkjun í Önundarfirði: Tillögurnar gera ráð fyrir að heimilt verði að byggja allt að 600 kW rennslisvirkjanir annars vegar í Kaldá og hins vegar í Þverá í Önundarfirði.

Tillögurnar, skipulagsuppdættir og greinagerð, ásamt umhverfisskýrslum, verða til sýnis á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar Hafnarstræti 1, Ísafirði og hjá Skipulagsstofnun Laugavegi 166, Reykjavík frá föstudeginum 22. apríl. 2016 til og með föstudagsins 3. júní 2016. Tillögurnar eru einnig til sýnis á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillögurnar. Athugasemdum skal skila á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður og skulu þær vera skriflegar.

Ísafirði 18. apríl 2016.

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ísafjarðarbæjar.



Inga María Guðmundsdóttir

— Sjónarmið —

Að leggja í púkkið

Ég ætla nú ekki að reyna að telja einhverjum trú um að mér finnst gaman að borga skatta. Ég sit ekki með partyhatt og flautu þegar ég skila skattaframtalinu á hverju vori. Og ég lími ekki broskalla á launamiðann þar sem talið er fram hversu hátt hlutfall launanna fer til ríkis- og bæjarsjóðs. En ég er heldur ekkert sérstaklega fúl yfir því eða mótfallin því að leggja mitt af mörkum, það er bara hluti af því að tilheyra samfélagi sem svo á móti hugsar um mig og mína.

Margir eru eflaust búnir að fá sig fullsadda af skrifum um og eftir Sigmund Davíð, og ég skal lofa að ræða hann ekki mikið, en má þó til með að vitna í hann vegna þess að ég er sammála því sem hann sagði um íslenskt samfélag í viðtalinu

fræga. Bara nokkrum sekúndum áður en allt varð vitlaust sagði fyrrverandi forsætisráðherra okkur, og ég er sammála: „Lítið er á samfélagið sem stórt verkefni sem hver og einn verður að taka þátt í.“ Er það ekki einmitt kjarni málsins? Ef við keyrum á vegum landsins, förum til læknis, eigum börn í skólum, foreldra á hjúkrunarheimilum – eigum við þá ekki að borga okkar hlut? Hver vill vera þessi sem leggur aldrei í púkkið á kaffistofunni en borðar kaffibrauðið með bestu lyst? Eða þessi sem borgar aldrei í hússjóð? Er ríkissjóður ekki svolítið eins og sameiginlegur „kaffisjóður“ okkar allra?

Við viljum að stjórnmalamann gangi á undan með góðu fordæmi og það er mjög eðlileg krafa. Mér finnst, og ég er viss um að mjög

marginir ef ekki allir eru sammála mér, að stjórnmalamenn eigi ekki bara að vera læsir á lög og reglugerðir heldur líka á siðferði. Eftir bankahrunið 2008 var lagt í mikla vinnu við að rannsaka orsakir þess og niðurstaða vinnuhóps um siðferði og starfshætti var að „starfsháttum og siðferði var víða ábótavant í íslensku samfélagi og að sú staðreynd [er] hluti af margþættum skýringum á því hve illa fór. Þetta á við jafnt í stjórnmalum og viðskiptalífi sem í stjórnsýslu og fjölmiðlum.“

Reiði almennings undanfarinna vikna yfir löglegum fjármálafléttum sem tilheyra skattaskjólum og aflandsfélögum virðist hafa komið flatt upp á marga ráðamenn. Þau sem urðu uppvís að notkun skattaskjóla vísa í lög og reglur og gagnrýnendur eru sak-

aðir um annarlegan tilgang. Virtir rannsóknarblaðamenn verða að öfundsjúkum slúðurkellingum og mótmælendur eru ekki almenningur. Ber þetta vott um bætt siðferði í íslensku samfélagi?

Aflandsfélög í skattaskjólum munu vera lögleg, ef þau eru gefin upp til skatts, en það er ekki löglegt að vinna svart og svíkja þannig undan skatti. Mér hefur lengi fundist töluvert þol og jafnvel samúð með svartri vinnu á Íslandi. Ég held að flest okkar þekki um það dæmi, til dæmis að fyrirtæki bjóði beinlínis nótlaus viðskipti gegn afslætti. Þegar Jón og Gunna Lýðsbörn taka þátt í að stinga undan skatti, t.d. með því að vinna svart eða taka þátt í nótlausum viðskiptum, þá eru það ekki alltaf milljónir sem um ræðir. Skiptir það þá minna máli?

Stigsmunur eða eðlismunur? Ef ég hef skilið umræðuna sem fór í gang eftir Panama uppljóstrunina þá voru það ekki bara upphæðirnar sem fólk var reitt yfir, heldur gjörðin sjálf, sérstaklega í ljósi efnahagshrunsins sem átti sér stað hér fyrir stuttu síðan.

Já, við viljum að stjórnmalamenn sýni gott fordæmi, en getur verið að krafa okkur um slíkt fordæmi, virki hol og innantóm? ef við sem gerum þessar kröfur, fylgjum þeim ekki sjálf? Ég ætla alla vega að gera mitt og og segja nei næst mér verða boðin nótlaus viðskipti. Ég vil ekki að spilltir stjórnmalamenn geti bent á mig, og notað mig sem afsökun fyrir því að vilja ekki leggja í púkkið með okkur hinum.

Inga María Guðmundsdóttir



Hefur þú lent í slysi?

Ekki bera harm þinn í hljóði

TORT


INNHEIMTA SLYSABÒTA

Aðalstræti 6 - 101 Reykjavík - Sími 511 5008 - tort.is



Landsbankinn greiðir arð til samfélagsins

Arðgreiðslur Landsbankans í milljörðum króna.



og greiðir á fjórum árum
samtals 82 milljarða í arð,
þar af rúmlega 98% til ríkissjóðs.

Landsbankinnthinn.is



Útgefandi: Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Sumarmálhret

Eldri en tvævetur kom sennilega ekki á óvart þetta kalda hret, ófærð og snjór því vetur konungur hefur ekki kvatt né sumarið heilsað. Dagatalið segir að sumardagurinn fyrsti sé í þessari viku og þá skuli veturinn á brott sendur, sjáum til með það. En þrátt fyrir hrekkjótta kveður hefur þessi vetur verið okkur að mestu leyti góður, stillur og sólardagar og snjóþyngli ekki veruleg. Skipuleggjendur Fossavatnsgöngu hafa væntanlega glaðst yfir þessari skyndilegu viðbót í skíðabrautir og anda léttar.

Kjörnir fulltrúar í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar munnhöggvast yfir viðhaldi, framkvæmdum og forgangsroðun, það er eðlilegt, um þetta snýst pólitík, að hafa skoðun á forgangsroðun og skipulagi samfélagsins. En grundvöllur heilbrigðrar umræðu er að fara rétt með staðreyndir, bera ekki saman epli og appelsínur og umfram allt sýna virðingu, kunna að haga sér.

Forsetakosningar tók nýjan snúning í vikunni þegar sitjandi forseti ákvað skyndilega að taka slaginn í sjötta sinn. Viðbrögð landans eru blendin við þessari ákvörðun og nokkrir frambjóðendur hafa nú séð sína sæng útbreidda og hafa dregið framboð sitt til baka. Þeir sem ennþá undir feld lágu og íhuguðu framboð hrukku enn lengra undir hinn margumrædda feld og líkur á fleiri framboðum hafa minnkað. Að fara gegn sitjandi forseta er ekki sama verkefnið og að keppa á jafnréttisgrundvelli við aðra frambjóðendur.

En allt fer þetta einhvern veginn og hlutirnir hafa tilhneigingu til að reddast, á endanum verður kosinn forseti og við fáum líka að kjósa nýtt alþingi í vor, í sumar, í haust eða að ári. En hið nýja Ísland sem við vonðumst eftir hefur ekki látið sjá sig ennþá. Það kemur með nýrri stjórnarskrá, með stjórnáráðmönnum sem ekki svíkja og ljúga, með kröfum um heiðarleika og með engu umburðarlyndi með spillingu og óheiðarleika. Almennt séð erum við heiðarleg, sanngjörn og dugleg, okkur hefur bara ekki ennþá dottið í hug að gera sömu kröfur til stjórnáráðmanna.

BS

Spurning vikunnar

Ert þú sáttur við fiskeldiskvíar í Jökulfjörðum?

Alls svöruðu 472.

Já, sögðu 181 eða 38%

Nei, sögðu 291 eða 62%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Starf organista og kórstjóra/tónlistarstjóra í Ísafjarðarsókn

Óskum eftir að ráða organista til starfa í Ísafjarðarsókn frá og með 1. september 2016.

Um er að ræða 65% starf við orgelleik og kórstjórn í Ísafjarðarkirkju og Hnífsdalskapellu.

Kóræfingar kirkjukórsins eru einu sinni í viku.

Orgelið í Ísafjarðarkirkju er 22 radda orgel frá Bruhn & Søn og var sett upp 1995.

Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi menntun og reynslu í orgelleik sem og kórstjórn. Reynsla af fjölbreyttu tónlistarstarfi er kostur. Umsækjandi þarf að búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum og geta sýnt sveigjanleika í starfi.

Starfskjör, réttindi og skyldur eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar Þjóðkirkjunnar og FÍO/organistadeildar FÍH.

Umsóknnum ásamt afritum af prófskrá og ferilskrá skal skila eigi síðar en 18. maí 2016 og umsóknir skulu sendast til: Ísafjarðarkirkja, Sólgötu 1, 400 Ísafjörður.

Að öðru leyti vísast til starfsreglna um organista nr. 823/1999

Frekari upplýsingar um starfið veita sóknarprestur sr. Magnús Erlingsson, s: 4563171 og formaður sóknarnefndar, Björn Baldursson, s: 8484878.

Sóknarnefnd Ísafjarðarsóknar



Landsvirkjun

Landsvirkjun auglýsir eftir samstarfsaðilum að verkefni Margar hendur vinna létt verk sumarið 2016.

Landsvirkjun hefur um áratugaskeið starfrækt sumarvinnuflokka ungs fólks. Hóparnir sinna viðhaldi, uppbyggingu og fegurun starfsstöðva Landsvirkjunar og vinna jafnframt að ýmsum samstarfsverkefnum víða um land. Samvinna sumarvinnuflokka Landsvirkjunar og félagsamtaka, sveitarfélaga og stofnana hefur skilað sér í auknum umhverfisgæðum og betri aðstöðu til útivistar og ferðamennsku.

Í boði er vinnuframlag sumarvinnuflokka og flokksstjórn yfir þeim. Verkefni lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og öðrum umhverfisbótum ásamt ýmsum samfélagsverkefnum.

Óskað er eftir að samstarfsaðilar leggja fram vel skilgreind verkefni. Umsóknareyðublað með nánari upplýsingum er að finna á vef Landsvirkjunar, www.landsvirkjun.is.

Nánari upplýsingar veitir Þóra María Guðjónsdóttir í síma 515 9000 og á netfanginu lettverk@landsvirkjun.is.

Umsóknarfrestur rennur út 8. maí. Umsóknareyðublað er að finna á landsvirkjun.is.

JÓHANNES & LEWIS • JÚL • 2014

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

100%
Íslenskt
ungnautakjöt



579
kr. 2x140 g

549
kr. 2x120 g

598
kr. 4x80 g

Íslandsnaut Ungnautaborgarar
2x140 g, 2x120 g eða 4x80 g

4stk
80 g

5 STK.
CHILLI PEPPERONI
PYLSUR

5 STK.
BEIKON BÓNDA
PYLSUR



998
kr. pk.

Stjörnugris Grillpysur
10 stk. í pakka, 900 g

SPARAÐU MEÐ BÓNUS



100%
Íslenskt
ungnautakjöt

3.998
kr. kg

Íslandsnaut Ungnauta Ribeye, ferskt



1.998
kr. kg

Íslandslamb Lambalærisssneiðar
Kryddlegnar, blandaðar, ferskar



2.598
kr. kg

Íslandslamb Lambalærisssneiðar
Kryddlegnar, 1.flokkur, ferskar



2.598
kr. kg

Íslandslamb Lambakótilettur
Kryddlegnar, ferskar



1.298
kr. kg

Bónus Grísakótilettur
Með beini, kryddaðar, ferskar



998
kr. kg

Bónus Grísabógsneiðar
Kryddaðar, ferskar



359
kr. 1,35 kg

Heinz Tómatósósa
1,35 kg



2L

159
kr. 2 L

Pepsi
2 lítrar

BONUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Verð gilda til og með **24. apríl** eða meðan birgðir endast



Með flutninga í genunum

Einar Pétursson
stöðvarstjóri
Samskipa
á Ísafirði



Bolvíkingurinn Einar Pétursson hefur komið víða við á sínum starfsferli, allt frá því að stýra bæjarfélagi í að vinna við fiskflutninga og margt þar á milli. Nýlega tók hann til starfa sem stöðvarstjóri hjá Samskipum á Ísafirði. Þar mun hann m.a. sjá um flutningaþjónustu fyrirtækisins á Vestfjörðum. Óhætt er að segja að Einar hafi víðtæka reynslu af flutningaþjónustu en hann segist sjálfur vera með hana í blóðinu enda ólst hann upp við spennandi bernskuheim, að eigin sögn, í tengslum við flutningafyrirtæki föður síns í Bolungarvík.

Blaðamaður Bæjarins besta kíkta á Einar á nýja vinnustaðnum og spjallaði aðeins við hann um starfsferilinn, nýja starfið og flutningaáhugann sem hann virðist bera í genunum.

Vantaði hafið og fjöllin

Einar sleit barnsskónum í Bolungarvík en býr nú á Ísafirði. Foreldrar hans eru Helga Aspelund og Pétur Guðni Einarsson sem lést árið 2000.

„Mamma er Ísfirðingur í húð og hár og pabbi Bolvíkingur. Þess vegna er nú ég að prófa að búa á báðum stöðum,“ segir Einar hléjandi. „En ég sjálfur kalla mig nú alltaf Víkara með

stórum staf, enda getur maður ekki verið annað en stoltur af uppruninum þó svo að ég sé auðvitað hálfur Ísfirðingur og einnig stoltur af því.

Ég gekk alla mína grunnskólagöngu í Grunnskólanum í Bolungarvík og fór að henni lokinni tvö ár í Menntaskólann á Ísafirði en kláraði stúdentinn á Akureyri. Eftir það flutti ég til Reykjavíkur og bjó þar í áratug fyrir utan þann tíma sem tók að klára rekstrarhagfræði í Viðskiptaháskólanum á Bifröst. Ég fann samt aldrei fjölin mína á suðvesturhorninu og flutti aftur vestur 2003. Ætli mig hafi ekki vantað að hafa haf og fjöll í kringum mig, sjá eitthvað meira en bara næsta hús.“

Einar tók þá við bæjarstjórastólnum í Bolungarvík og tók þar við af Ólafi Kristjánssyni, sem hafði þá verið bæjarstjóri í Bolungarvík síðan árið 1986 eða rúm fjögur kjörtímabil. Einar sat eitt kjörtímabil sem bæjarstjóri og ákvað að gefa þá ekki kost á sér þar sem hann vildi leita á önnur mið. Hann segir þetta tímabil þó hafa verið afar gott og skemmtilegt.

„Það var auðvitað mjög gaman að koma heim. Starfið var bæði krefjandi og skemmtilegt og

margt sem maður tók sér fyrir hendur. Maður vann með góðu fólki og lærði heilmargt á stuttum tíma. En oft á tíðum var þetta barningur frá degi til dags.“

Bylting í samskiptum sveitarfélaganna

Stærsta verkefnið á kjörtímabili Einar var án efa ákvörðun ríkisstjórnarinnar að gera jarðgöng til Bolungarvíkur, sem í dag ganga undir nafninu Bolungarvíkurgöng og eru í mikilli notkun.

„Ég man ennþá hvar ég var þegar ég fékk símtalið frá Sturlu Böðvarssyni, þáverandi samgönguráðherra, þar sem hann tilkynnti mér að ákvörðunin hefði verið tekin. Þá var ég á hafnar-sambandsráðstefnu í Hafnarfirði. Ég var auðvitað mjög ánægður að heyra þær fréttir. Þær gerast nú varla stærri fréttirnar sem maður getur fengið sem bæjarstjóri.“

Framkvæmdir við göngin hófust þó ekki fyrr en Einar hafði látið af störfum sem bæjarstjóri.

„Þetta tók allt sinn tíma og það var nokkur barningur við að hrinda verkefninu í framkvæmd. Það tók langan tíma að ákveða hvar göngin ættu að liggja. Upphaflega hugmyndin var að gera tvenn lítil göng en við Bol-

víkingar settum okkur strax upp á móti því. Það hefði bara verið svokölluð plástraleið og því ekki í boði af okkar hálfu. Við vorum gallhörd á því að vilja ein göng. Þar af leiðandi tók þetta allt tíma að fara í gegn. Það fékkst þó að lokum samþykki fyrir því og göngin eru óneitanlega bylting í samskiptum sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum. Bæði hvað varðar atvinnulíf, skólagöngu og íþróttalíf og margt fleira. Þetta er allt farið að ganga betur saman með tilkomu ganganna.“

Kunna vel við sig á Ísafirði

Árið 2006 keyptu Einar og fjölskylda hans hús á Ísafirði og fluttust frá Bolungarvík.

„Ég tók þá til starfa sem fjármála- og gæðastjóri hjá verktafyrirtækinu KNH og síðar starfaði ég hjá Kubbi ehf. Við erum búin að vera á Ísafirði í tíu ár núna og líkar bara vel. Mamma fluttist sama ár frá Bolungarvík til Ísafjarðar og systur mínar bjuggu þar fyrir svo það eru bara meðlimir úr stórfjölskyldunni sem eru eftir í Bolungarvík. Ég á fjögur systkini. Tvo bræður þá Hannes sem býr á Akureyri og Harald í Reykjavík. Systur mínar tvær, þær Arna og Hildur Elísabet, búa hins vegar hér á Ísafirði.

Einar og eiginkona hans Aníta Ólafsdóttir frá Hnífsdal eiga saman þrjá syni, þá Ólaf Atla, Pétur Guðna og Einar Orra.

„Sá elsti er 22 ára og býr úti í Bandaríkjunum þar sem hann gengur í skóla í North Carolina. Hann leggur þar stund á upplýsingatækni. Þeir yngri eru tíu og sex ára. Þó svo að miðstrákurinn hafi fæðst meðan við bjuggum í Bolungarvík þekkja þeir tveir yngri ekki annað en að búa á Ísafirði þó vitaskuld séum við alltaf með sterk tengsl við heimabæinn minn. Við fjölskyldan erum afar ánægð með að hafa flutt aftur vestur á sínum tíma. Það eru búsetuskilyrðin hér vestra sem heilla mig. Svona á efri árum finnur maður fyrir aukinni löngun til þess að hreyfa sig og vera úti í náttúrunni. Ef mann langar til að stunda útivist hér vestra er nóg að ganga nokkur skref frá heimilinu til að sækja hana, hvort sem það er bara göngutúr í náttúrunni, skíði eða hvað annað. Þetta er ekki sjálfgefið og í raun alger forréttindi að búa við.“

Aðspurður um helstu áhugamálin segir Einar þær vera íþróttir og líkamsrækt í fjölbreyttu formi. Það er því ekki úr vegi að spyrja hvort hann stundi einhverjar íþróttir sjálfur.

„Ég stundaði mjög mikið íþróttir á yngri árum. Æfði sund, skíði og fótbolta fram eftir unglingsárum og fylgdist vel með ennþá.

Seinni árin hef ég haft mikinn áhuga á almennri líkamsrækt og hef haldið mér við með hlaupum og skíðum. Ég hef núna tekið stefnuna á að verða landvættur sem felst í því að klára eina þraut í hverjum landsfjórðungi á innan við einu ári.



Fjölskyldan.



Mamma og pabbi, Hildur, Harald, Einar og Arna. Sunnudagsbíltúr til Ömmu og Afa á Ísafirði.

Í Vesturhlutanum eru það 50 km í Fossavatnagöngunni sem er nú bara eftir rúma viku. Í suðurhluta landsins ætla ég að takast á við Bláalónsþrautina í júní sem felst í 60 kílómetra hjóltreidum frá Hafnafirði í Bláa Lónið, eins og nafnið gefur til kynna. Í júlí verður svo austurhlutinn tekinn fyrir með 2,5 kílómetra sundi í Urriðavatni. Ég kláraði svo norðurhluta landsins í fyrra með jökulsárhlaupi en um var að ræða 32,7 km hlaup frá Dettifossi í Ásbyrgi.“

Áhuginn fyrir flutningum kviknaði í bernsku

Einar er nú snúinn aftur til Samskipa en hann hóf upphaflega störf hjá fyrirtækinu árið 1998 þar sem hann sinnti lestunarstjórn og stýringu gámaflutninga. Hann vann hjá Samskipum til ársloka 2002 jafnhliða því að stunda nám í rekstrarfræði.

„Ég vann í fjögur ár hjá Samskipum, bæði í fullu starfi og í hlutastarfi meðfram skólanum á Bifröst. Ég var bæði í land- og sjóflutningum ásamt gáma- og akstursstýringu. Ég þekkti því vel fyrirtækið þegar ég tók við stöðu stöðvarstjóra á Ísafirði. Reyndar er það þannig með Samskip að algengt er að starfsmenn séu með langan starfsaldur. Ég þekki því enn mörg andlit í fyrirtækinu frá

um sjö eða átta ára þegar ég byrjaði að sniglast í kringum flutninga og ég man hve spennandi mér fannst vörubílarinn og allt í kringum þetta. Yngri bróðir minn hefur hins vegar ekki haft neinn áhuga á flutningastarfi svo þessi áhugi snýst ekki bara um að hafa umgengist þetta sem krakki heldur er þetta einhvern veginn í blóðinu.“

Strandflutningar eru bylting í flutningsmálum


Einar segir spennandi tíma vera í flutningaþjónustunni, sér í lagi á Vestfjörðum.

„Skipaflutningarnir hafa valdið algjörrri byltingu í flutningsmálum. Nú er í boði að flytja þunga farma með skipum sem annars hefði þurft að flytja eftir vegunum. Þetta skiptir gríðarlegu máli í kostnaði fyrir fyrirtækin auk þess sem það minnkar álagið á vegum. Ef við tökum sem dæmi þá voru í einni ferð nú um

því ég var að vinna hjá þeim í kringum síðustu aldamót.“

–Hvernig leggst í þig að vera byrjaður að starfa hjá Samskipum á Ísafirði.

„Mjög vel. Starfið stóð frekar snöggt til boða. Frá því að ég fékk símtal og var boðið að koma í at-



Á leið í hlaup með Atla vini mínum.

vinnuviðtal og þar til að ég ákvað að slá til. Ég tók síðan til starfa 1. mars. Ég kann afar vel við mig í þessu umhverfi enda ná rætur mínar í flutningum langt aftur til bernsku minnar. Pabbi rak flutningafyrirtæki í Bolungarvík og keyrði á milli til Reykjavíkur.

Það má því segja að þetta sé í genunum hjá manni. Ég var rétt

daginn fluttur 24 gámar með skipi beint frá Ísafirði til Rotterdam. Ef við hefðum þurft að flytja þá landleiðina suður hefði það þess í stað valdið talsverðu sliti á vegunum í þeim 24 ferðum sem hefði þurft til á 50 tonna bílum. Ef litið er á þetta út frá mengun þá eru kostirnir ótvíræðir. Með þessu er verið að minnka losun

á koltvísýringi töluvert.

Strandflutningar hafa lengi verið í deiglu og mikið rætt um hvort þetta væri framkvæmanlegt. En nú sjá menn að þetta er ekki einungis vel framkvæmanlegt heldur er hægt er að flytja miklu meira magn svona en menn héldu. Það á líklega bara eftir að aukast. Samkeppnin er mikil og því skiptir miklu máli fyrir fyrirtækin á staðnum að þetta sé í boði.

Þar sem hraðinn í nútímaþjóð-

félagi er svo mikill og verslanir með lítinn lager á Ísafirði þá þurfa bílarnir að vera á ferðinni samhliða skipaflutningunum. Almenn vara sem pöntuð er í dag þarf að vera til afgreiðslu á morgun hjá okkur. Matvara og almenn verslunarvara verður ekki flutt með skipi nema að litlu leyti. Ég er samt vongóður um að sjóflutningar eigi eftir að aukast t.d. með þeirri atvinnuuppbyggingu í fiskeldi sem er í undirbúningi.“

–Thelma Hjaltadóttir



Samtakamátturinn virkjaður!

Súpufundur í Tjarnarlundi 26. apríl 2016 kl. 17.30

Til íbúa í Dalabyggð, Reykhólahreppi og Strandabyggð

Kæri íbúi!

Þér er boðið til opins súpufundar þar sem rætt verður um tækifæri og áherslur í ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu og annarri framleiðslu úr auðlindum svæðisins, til eflingar atvinnulífs og byggðar. Fundurinn er liður í vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir sveitarfélögin þrjú og verður sú vinna kynnt nánar á fundinum. Fundurinn verður þriðjud. 26. apríl nk. í Tjarnarlundi í Saurbæ og stendur frá kl. 17.30 til 21.30, sjá nánar á vefnum samtakamattur.is.

Vinsamlegast skráið þátttöku hjá Herborgu Árnadóttur hjá Alta á netfangið herborg@alta.is eða í síma 582 5000.

Með vorkveðju,

Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.

Auglýsing/tilkynning

Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps heldur fund fyrir félagsmenn í Stjórn-sýsluhúsinu á Ísafirði 28. apríl kl. 20:00.

Nýir félagsmenn eru boðnir velkomnir. Í lögum félagsins segir:

„Félagsmenn geta þeir orðið, sem eiga réttindi yfir fasteignum í fyrrum Sléttu- og Grunnavíkurhreppi, það er jörðum, einstökum lóðum og húsum.“

Stjórn félagsins mun kynna félagið og Hornstrandanevnd.

Gestur fundarins verður Gísli Halldór Halldórs-son bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.



Forsetaframbjóðandinn Andri Snær Magnason



Myndir: Kristófer Lund.

Forsetaframbjóðandinn Andri Snær Magnason lagði leið sína til Ísafjarðar í síðustu viku og hélt hann þar sinn fyrsta framboðsfund á landsbyggðinni. Húsfyllir var á Hótel Ísafirði og greinilegt að framboð hans vakti áhuga á Vestfjörðum líkt og víðar. Nokkrum dögum fyrr kom hann fram í stappfullum sal Þjóðleikhússins þar sem hann tilkynnti framboð sitt og daginn eftir Ísafjarðarfundinn hélt hann til Akureyrar þar sem 200 manns mættu til fundar.

Andra Snær þarf vart að kynna, hann hefur stimplað sig inn í ís-

lenskt þjóðlíf með ýmsum hætti. Hann er rithöfundur, skáld og leikskáld og ætli megi ekki líka kalla hann aðgerðaskáld. Hann er virkur aktivisti og á sviði náttúruverndar hefur hann komið víða við. Andri Snær hefur notið mikillar hylli fyrir störf sín og jafnframt hefur hann verið umdeildur, eitthvað sem ábyggilega er ágætt að geta sýnt fram á að þola með reisu í því hlutverki sem hann nú sækist eftir.

Blaðamaður Bæjarins besta settist niður með Andra fyrir fundinn, greip hann í raun glóðvolgan um leið og hann renndi í

hlað ásamt föruneysi sínu. Við ræddum aðeins hvort hann væri þegar kominn í hamskiptagír og segir hann sig hafa dreymt hamskipti nóttina fyrir fundinn í Þjóðleikhúsinu. Annars væru hamskipti honum ekki efst í huga, hann hafi keypt sér tvær nýjar peysur, en að öðru leyti ætlaði hann sér ekki mikið að bregða út af áður auglýstum karakter, ef svo mætti að orði komast.

„Ég ætla ekki að fara að breyta mér. Ég fer bara fram með það sem ég stend fyrir og hef ekki hugsað mér að skipta neitt um gir.“ Segir Andri Snær og bætir við, að hann geri sér þó fulla grein fyrir því að hann sé ekki í framboði sem fulltrúi vina sinna, svo ekki séu málamiðlanir útilokaðar. Hann sér forsetaframboðið og mögulega stöðu forseta sem framhald á mörgu sem hann hefur verið að gera. „Ég sé þetta aðallega sem breytingu á bragarhættinum.“

Það er þrennt sem Andri Snær leggur mesta áherslu á í mállefnum sínum, og segir hann þó málefni sem ekki eru á víglínunni einnig vega þungt. Hann vill leiða saman fólk úr ólíkum áttum, blanda saman hugmyndum og finna lausnir, en Andri hefur mikla reynslu af því að vinna með ólíku fólki í ólíkum greinum. Hann segir hlutverk forseta Íslands margþætt og finnst stór hluti þess vera fölginn í því að hafa sýn sem sem flestir geta sameinast um og þar ber á góma hið margumtalaða sameiningartákn. „Ég held að enginn maður geti verið sameiningartákn nema við höfum einhverja sameiginlega sýn,“ segir Andri Snær, og bendir á að landslag sameiningartákna hafi breyst mikið frá því er Vigdís var við völd.

Þjóðgarður, stjórnarskrá og móðurmál

Andri Snær er með þrjá hluti sem hann vill að sameina landsmenn um. Hann vill sjá **Þjóðgarð á hálendi Íslands** verða að veruleika.

„Við stöndum á tímamótum hvað varðar náttúruvernd. Við eigum hálendið okkar og við eigum mörg verðmæt, óspillt svæði. Ef maður á of mikið af einhverju, þá á maður það kannski til að sóa því. Eins og maður vanmeti verðmætin sem maður fær í forgjöf. Mig langar mjög

mikið til að sjá að við staðfestum þjóðgarðinn á hálendi Íslands og röskum þessum víðernum ekki meira en orðið er og förum að nýta það hráefni sem við vinnum hér. Við framleiðum hér milljón tonn af áli á ári og skipum því út óunnu. Ég held að við séum komin á næsta þroskaskref í atvinnuþróun og förum nú að vinna úr þessum verðmætum. Ég held að þetta verkefni sé hjartans mál fyrir marga, en myndi líka skína út í heim í breyttri ímynd landsins og orðspori þjóðarinnar.“

Í náttúruverndarstörfum sínum hefur Andri Snær hitt marga af fremstu vísindamönnum heims á sviði loftslagsmála og segir hann þá oft vera með tårin í augunum yfir skilningsleysi manna á því hvíllik vá ögni heimsbyggðinni verði ekkert að gert. Hann segist þó bjartsýnn á að vísuníngur á Íslandi geti verið talsvert hraður.

„Það er hægt að lama fólk með neikvæðri umræðu um umhverfismál, en við getum líka snúið þessu við og það getur verið skemmtileg áskorun að hanna öldina upp á nýtt. Við þurfum að breyta heiminum og við þurfum að breyta honum hratt.“ Hann vill sjá umræðuna tekna enn frekar inn í skólana, svo að vísindi samtímans skili sér betur í hugsjónum ungu kynslóðarinnar.

Andri Snær vill að við **klárum nýju stjórnarskrána** sem lögð voru drög að á Þjóðfundinum 2009.

„Ég hef mikið starfað erlendis og hitt mikið af fólki sem hefur þótt vinna okkar við stjórnarskrána nýju vera afar merkileg. Ég sé vonbrigðaglampann í augunum á fólki þegar ég segi því að sú vinna hafi stöðvast.“ Hann segir stjórnarskrána afar mikilvægan grundvöll og kannski gerum við okkur ekki grein fyrir því í daglegu amstri okkar hvað við eigum mikið undir henni. Við séum á þeim stað í Íslandssögunni að geta klárað nýja stjórnarskrá. Hann vill sjá þá vinnu eiga rót í Þjóðfundinum og í þeirri nýju hugmynd hvernig beint lýðræði getur verið. Hann segir reyndar að lýðræðishugmyndin sé bæði gömul og ný, Sveinn Björnsson hafi haft svipaðar hugmyndir árið 1944.

Íslenskufraeðingurinn Andri Snær vill sjá **hlúð að móðurmálskenndu**. Í störfum sínum undanfarnin ár hefur hann hitt



stóran hluta grunnskólabarna á Íslandi.

„Íslensk börn í dag eiga kannski um 50 móðurmál. Það er áhyggjuefni hversu mörg börn falla úr og ná hvorki íslenskunni eða sínu eigin móðurmáli. Ef fólki finnst þekking á íslenskunni vera að fjara út, þá getur sú reiði beinst að þeim sem ekki tala málið, í stað þess að horfa inn á við. Ef við stöndum okkur vel eignumst við kynslóðir sem eru með djúpar rætur inn í menningarheima sem við getum varla nefnt núna, en eftir 10 ár gætum við átt einstaklinga sem geta þýtt bækur inn í þessa menningarheima, og öfugt, sem eru með sterkar rætur í báðum heimunum. Ég held að við Íslendingar eigum mikil tækifæri þarna.“ Andri Snær bætir við að tungumálið skapi félagslegan hreyfanleika fyrir einstaklinginn og hann vilji sjá Ísland stéttlaust land, með mikinn félagslegan hreyfanleika.

Tilbúinn að taka við keflinu

Andri Snær er með skapandi og frjóan huga, það opinberar sig fljótt í spjalli við hann. Hann er víðsýnn og sér fleti á hlutunum sem gætu kannski við fyrstu sýn virkað nokkuð framandi, en eitt af því sem hann vill gera er að setja hluti, sem kannski eru flóknir í eðli sínu, í búning sem er aðgengilegur og skiljanlegur. Hann segist ekki vera að leita eftir upphæfð í gegnum embættið og hann stígi óhræddur fram, tilbúinn að taka við keflinu og takast á við þau spennandi verkefni sem blasa við núna.

tillaga að starfsleyfi

FYRIR SJÓKVÍAELDI

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir liggur nú frammi til kynningar tillaga að starfsleyfi fyrir Háafell ehf, kt. 520199-3149, vegna sjókvíaeldis á allt að 6.800 t af regnbogasilungi og 200 t af þorski við innanvert Ísafjarðardjúp, Súðavíkurbreppi.

Tillagan, ásamt fylgiskjölum, mun liggja frammi til kynningar í afgreiðslu stjórnsýsluhúss Súðavíkurbrepps, Grundarstræti 3, Súðavík, á tímabilinu 8.apríl – 3.júní 2016.

Athugasemdir við tillöguna skulu vera skriflegar og sendar Umhverfisstofnun. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 3.júní 2016.

Einnig má nálgast tillöguna og fylgiskjöl á umhverfisstofnun.is



UMHVERFISSTOFNUN

Óskum Vestfirðingum öllum gleðilegs sumars



Sjálfbær nýting sjávarauðlinda
HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.



Sportið í beinni...

föstudagur 22. apríl

- 18:30 Dominos deild karla
- 19:00 Golf - PGA Tour
- 21:10 Körfuboltakvöld
- 23:00 NBA Playoff Games

laugardagur 23. apríl

- 11:35 Man City - Stoke City
- 13:25 Wolfsburg - Augsburg
- 13:25 H Berlin - B Munchen
- 13:30 Formúla E: París

- 13:50 Aston Villa - S.hampton
- 13:50 Bournemouth - Chelsea
- 13:50 Liverpool - Newc United
- 13:55 R Valleciano - R Madrid
- 16:10 Evert - M Utd./W Ham

- 17:00 Golf - PGA Tour
- 18:40 Inter - Udinese
- 19:00 NBA Playoff Games

- 01:00 Box: Golovkin vs. Wade
- 02:00 UFC: St Preux vs Jones

sunnudagur 24. apríl

- 12:55 Sampdoria - Lazio
- 12:55 Sunderland - Arsenal
- 14:50 Crystal Palace - Watford
- 15:05 Leicester C - Swansea C
- 16:55 Barcelona - Sporting

- 17:00 Golf - PGA Tour
- 19:00 Snæfell – Haukar
- 19:40 Fiorentina - Juventus

mánudagur 25. apríl

- 12:55 Roma - Napoli
- 18:30 Dominos deild karla -
- 18:50 Tottenham Hotsp - WBA
- 19:05 FH - Valur
- 21:00 Messan

- 21:10 Körfuboltakvöld þriðjudagur 26. apríl
- 18:30 Undanúrslit Meistaradeild Evrópu
- 20:45 Meistaradeildarmörkin

miðvikudagur 27. apríl

- 18:30 Undanúrslit Meistaradeild Evrópu
- 19:00 Haukar – Snæfell:
- 20:45 Meistaradeildarmörkin Meistaradeild Evrópu

Dagar Íslands

23. apríl 1983:

Kvennalistinn fékk 3 konur kjörnar á Alþingi.

24. apríl 1914:

Síðasti líflátsdómur var kveðinn upp á Íslandi. Dómnum var síðar breytt í ævilangt fangelsi.

27. apríl 1915:

Gullfoss sigldi frá Reykjavík til New York og kom til baka mánuði síðar. Þetta var fyrsta ferð skips með íslenski áhöfn á milli Íslands og Ameríku frá því á dögum Leifs heppna.

Helgarveðrið

Á föstudag, laugardag og sunnudag:

Norðvestlæg átt, skýjað með köflum og lengst af úrkomulaust. Hlýnar talsvert S-lands að deginum

Krossgátan

			SJÓ-MAÐUR	HELGI-TÁKN	UMRÓT		ÆXLUNAR-KORN	ÞARMA	SPERGILL
	ÞRUMA								
	HEIÐUR					ÓÐAGOT			
							GLEÐJAST		
FRUMEFNI									
SÓT							ÁTT		
							KAUP		
	↓	VARKÁRNI	LISTA-MAÐUR	Í RÖÐ		ÍLÁT			
				ÓVILD		YNDIS			
HNAPPUR						KVK NAFN		SÖNG-RÖDD	ÁNA
						SJÁÐU			
ÆFA					SNÁFA				
					BAUN				
TVEIR EINS			DROPA				ODDI		
			BAKTAL				FRAM-KVÆMA		
HOLU-FISKUR				RAUÐUR				ÓNEFNDUR	
				ÁTA				MÁLmur	
FÍFLAST						HRÍÐA			
						LEIKTÆKI			
		ÁLIT					LÍK		ÝKJUR
		ÓRÓI					REIKA		
AND-SPÆNIS					ÓGÆTINN				STYRKJA
					GAS				
TVEIR EINS			HYLJA				GOGG		
			SÆGUR				OFANFERÐ		
STIG				STAGL				SKÓLI	
				Í RÖÐ				Í RÖÐ	
KRASSA						PILA			
EFTIRSJÁ						ÖRÐU			

BÍLAVERIÐ ehf
Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta
Smáviðgerðir
Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is
HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir
Þjónusta í heimabyggð frá 1983



Lausn á síðustu krossgátu

			GLADUR	GJAMMA	HEIMSÁLFU		HNOÐAD	ADGÆTA	FRUMEIND
			ÆDISLEGA	A G A L E G A			RÉNUM LÍTID BARN	L Á T	
			LÆRIR	L E S					
			PVÍLÍKT	S L Í K T			SKÓLI	Ó	
			ÉTANDI NABBI	Æ T U R			TALA BENDA Á	M M	
			↓	VERKFERI ÆST	A L A	KÆLA LEID	Í S A	TÍMABIL	
KORR	S	N	Ö	R	L	MÁLUR BÓK- STAFUR	B L Ý	SKRAN	V
KROPP	N	A	R	T	FYRIR- LESTUR BLUNDA		E R I N D I		
VAFI	E	F	FORMÓÐIR SETT	A M M A		RÖL ÖNÆÐI	A R K		
ÖVILD	K	A	L	HLJÓMUR ÚTUNGUN	Ó M U R		SAMTÖK TÓNLIST	A A	
FÍKNIÆFNI	K	R	A	K K	STAGL STÍFA		T A F S	UM- TURNUN	
	J	ILÁT BRÆÐI	G L A S	KAUPS FRAM- VEGIS	S Ö L U				
KVK. SPENDYR	U	R	T	A	MERKI MILDA		T Á K N	ÓLUKKA	M
Í RÖB	D	E	SKREF STROFF	K L O F	SÖNG- HÖPUR SÆLINDÝR		K Ó R		
SANDEYRI	R	I	F	SJÁ EFTIR ÖNEFNDUR	I Ð R A		KUSK TVEIR EINS	L Ó	
DUGLEGUR	I	Ð	I	N N	VARKÁRNI		A Ð G Á T		
PYNGJAST	F	I	T	N A	MÁTTUR		M A G N		

Sudoku þrautir

		4	7		5		9	
5	6		3			8		
1		2		6	8		5	3
			1				8	4
		3	8		6			
		5	2			3	6	1
			5	7	2	9		
		8		4	1	6	2	7
2	7	9					1	5

7			6	3	4	8		1
			1					
			7		8	9		2
			9		7	5	6	
	9				2			
		4			6			
1			2	9				3
		8						
6							4	

Rauðhetta

51. leikár
87. Verkefni

Laugardagur
23. apríl kl. 14 og kl. 17
Sunnudagur
24. apríl kl. 14 og kl. 17
Föstudagur
29. apríl kl. 18
Laugardagur
30. apríl kl. 14 og 17

Leikstjórn:
Páll Gunnar Loftsson
Tónlistarstjórn:
Kristín Harpa Jónsdóttir
Leikgerð:
Snæbjörn Ragnarsson

Aðgangur ókeypis
Nauðsynlegt er að panta miða í síma 856-5455
Sýnt er í Edinborgarhúsinu

Kjörís

Styrkt af Uppbyggingasjóði Vestfjarða

Litli Leikklúbburinn Ísafirði

Þjónustuauglýsingar

PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS

OG

JARÐAR

BB

Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is

**VERK
VEST**

ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HS HRADFYSTIHÚSÍÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda

ÞETTA VERÐUR EKKERT AUÐVELDARA.

ÞÚ VERÐUR BARA BETRI.

MEIRI ÁTÖK. MEIRI HLEÐSLA. MEIRI ÁRANGUR.



KOLBEINN SIGÞÓRSSON, LANDSLIÐSMAÐUR Í KNATTSPYRNU

 **HLEÐSLA** 100%
ÍPRÓTTADRYKKUR HÁGÆÐA
PRÓTEIN

HVER SEM ÍPRÓTTIN ER, ÞÁ ER MARKMIÐIÐ ALLTAF AÐ VERÐA BETRI.
HLEÐSLA ER ÍPRÓTTADRYKKUR ÚR NÁTTÚRULEGUM ÍSLENSKUM
HÁGÆÐAPRÓTEINUM SEM BYGGIR UPP VÖÐVANA.
MEIRI ÁTÖK. **MEIRI HLEÐSLA.** MEIRI ÁRANGUR.



HLEÐSLA.IS